

Mál nr. 3

Knattspyrnudeild Umf. Leiknis F. gegn Knattspyrnudeild Vals R.

Kæra Leiknis.

Fyrir hönd Knattspyrnudeildar Umf. Leiknis, Fáskrúðsfirði, legg ég undirritaður fram eftirfarandi kæru.

Í leik Leiknis og Vals, Reyðarfirði í 3. flokki kvenna. F-riðli 7, sem háður var á Reyðarfirði miðvikudaginn 2. júlí tefldi Valur ólöglega skipuðu liði. Samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, grein 3.9.11. skulu lið í 3 flokki kvenna vera skipuð leikmönnum sem verða 15 ára á almanaksárinu og yngri. Í framangreindum leik tefldi Valur fram leikmanni, Hallfríði Guðmundsdóttir kt.031081-3439 sem samkvæmt þessari reglu er ekki gjaldgengur.

F.h. Knattspyrnudeildar Umf. Leiknis.
Magnús Ásgrímsson, formaður

P.S.

Það er skoðun okkar hjá Leikni, að þrátt fyrir að úrslit í einstökum leikjum, einkum í yngri aldursflokkunum skipti ekki öllu máli, þá sé það grundvallaratriði og lágmarkskurteisi við andstæðinga að tefla fram ólöglegum liðum. Því teljum við skyldu okkar að leggja fram kæru þegar út af þessu er brugðið.